

AUGLÝSING

um samþykkt deiliskipulags og tveggja breytinga á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur þann 10. maí 2006 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæði við Flugumýri. Deiliskipulagið tekur til um 8 ha svæðis og er þar gert ráð fyrir 7 iðnaðarlóðum, frá 6 þús. til 8 þús. m² að stærð, með hámarksnýtingarhlutfalli 0,4.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Ennfremur hefur bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkt eftirtaldar 2 breytingar á deiliskipulagsáætlunum:

Dverholt 1, breyting á deiliskipulagi Miðbæjar sem felst í því að byggingarreitur á lóðinni nr. 1 við Dverholt var stækkaður um 4 x 26 metra til suðurs. Jafnframt var stærð og afmörkun lóðar og aðkomu að henni breytt. Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga og hefur Mosfellsbær lýst því yfir að hann muni taka að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunni að verða fyrir vegna breytingarinnar.

Samþykkt í bæjarstjórn 9. ágúst 2006.

Krikahverfi, breyting á deiliskipulagi sem varðar einnar og tveggja hæða raðhús við Litla- og Stórakrika og felst í breyttri framsetningu á byggingarlínunum fyrir útbyggingar/bilgeymslur. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Samþykkt í bæjarstjórn 9. ágúst 2006.

Ofangreindar deiliskipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 26. september 2006,

Finnur Birgisson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 10. október 2006